

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 20. desember 2000

um að koma á fót áætlun í tengslum við rammaáttak bandalagsins um jafnrétti kynjanna (2001-2005)

(2001/51/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 13. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Meginreglan um jafna meðferð kvenna og karla er grundvallarregla í lögum bandalagsins og tilskipanir og aðrir löggæringar, sem hafa verið samþykkt til að hlíta henni, hafa skipt sköpum í þeirri viðleitni að bæta aðstæður kvenna.
- 2) Reynslan af aðgerðum á vettvangi bandalagsins hefur sýnt að ef stuðla á að jafnrétti kynjanna í raun er nauðsynlegt að samtengja ráðstafanir og, einkum og sér í lagi, löggjöf og hagnýtar aðgerðir sem er ætlað að styrkja hverjar aðra. Reynslan hefur og sýnt að halda ber áfram vinnu bandalagsins á þessu sviði sem miðar að því að tengja saman samþættingu jafnréttis-sjónarmiða og sértækar aðgerðir. Auk þess hefur komið í ljós að karlar gegna mikilvægu hlutverki í þeirri viðleitni að jafnrétti kynjanna verði að veruleika.
- 3) Viðvarandi, kerfisleg og kynbundin mismunur, tvöföld og jafnvel margföld, sem margar konur standa frammi fyrir, og viðvarandi ójafnrétti kynjanna réttlæta að aðgerðum bandalagsins á þessu sviði verði haldið áfram og að þær verði eflar og að teknar verði upp nýjar aðferðir og ný nálgun.
- 4) Evrópuþingið hefur, í ályktun sinni um bráðabirgðaskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd aðgerðaáætlunar bandalagsins til meðallangs tíma um jöfn tækifæri fyrir konur og karla (1996-2000) ⁽⁵⁾, farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún leggi fram tillögu um fimmtu aðgerðaáætlun.
- 5) Ráðið hefur, í niðurstöðum sínum frá 22. október 1999, lagt áherslu á mikilvægi nýrrar aðgerðaáætlunar til að stuðla að jafnrétti fyrir konur og karla.
- 6) Á fjórðu heimsráðstefnunni um málefni kvenna, sem var haldin í Peking 15. september 1995, var samþykkt yfirlýsing og aðgerðaáætlun þar sem ríkisstjórnir, alþjóðasamfélagið og hið borgaralega samfélag eru hvött til þess að grípa til skipulagðra aðgerða í því skyni að afnema mismunur gagnvart konum og ryðja úr vegi hindrunum fyrir jafnrétti kynjanna. Í lokaskjali framhaldsfundarins og matsgerð Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York dagana 5. til 9. júní 2000 (Peking + 5) voru yfirlýsingin og aðgerðaáætlunin staðfestar og aðgerðaáætlunin eflað á vissum sviðum. Nauðsyn þess að hraða og ljúka framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar var einnig áréttuð.
- 7) Öll aðildarríkin og löndin, sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu, hafa undirritað og fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW).
- 8) Á fundum sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 og í Santa María da Feira 19. og 20. júní 2000 fór leiðtogaárið þess á leit við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin að unnið yrði að framþróun jafnra tækifæra, út frá öllum þáttum, með tilliti til stefnumótunar í atvinnumálum, til dæmis með því að draga úr aðgreiningu kynjanna á vinnumarkaði og gera mönnum auðveldara um vik að samræma atvinnu og fjölskyldulíf, einkum með því að setja nýjar viðmiðanir fyrir betra skipulag barnagæslu. Það setti einnig töluleg markmið, meðal annars í því skyni að fjölga konum á vinnumarkaði frá 51% að meðaltali nú í yfir 60% fyrir árslok 2010.
- 9) Í ályktun sinni frá 29. júní 2000 ⁽⁶⁾ lagði ráðið áherslu á mikilvægi þess að konur og karlar tækju jafnan þátt í fjölskyldu- og atvinnulífi.
- 10) Hið nýja rammaskipulag bandalagsins um jafnrétti kynjanna nær yfir allar aðgerðir bandalagsins sem miða að því, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. sáttmálans, að afnema ójöfnuð og stuðla að jafnrétti karla og kvenna. Í þessari ákvörðun er kveðið á um skipulag þverlægra og samhæfðra aðgerða sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja samfellu og þróa samvirkni með tilliti til framkvæmdar rammaskipulags bandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 337 E, 28.11.2000, bls. 196.⁽²⁾ Álitum var skilað 15. nóvember 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).⁽³⁾ Álitum var skilað 28. nóvember 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).⁽⁴⁾ Álitum var skilað 23. október 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 279, 1.10.1999, bls. 88.⁽⁶⁾ Stjtið. EB C 218, 31.7.2000, bls. 5.

- 11) Í því skyni að auka ávinning af aðgerðum bandalagsins ber framkvæmdastjórninni að tryggja, í samstarfi við aðildarríkin, að aðgerðir á öllum stigum innan ramma þessarar ákvörðunar séu í réttu samhengi við og til fyllingar öðrum viðeigandi stefnumálum, gerningum og aðgerðum bandalagsins, einkum þeim sem varða samræmda stefnu í atvinnumálum, félagsmálastefnu, Félagsmálasjóð Evrópu, menntun, starfsnám og æskulýðsmál.
- 12) Ráðstafanir til þess að auka afköst þeirra sem gegna meginhlutverki í því að stuðla að jafnrétti kynjanna skulu felast í skiptum á upplýsingum og miðlun reynslu og bestu viðtekinnar starfsvenja milli netkerfa, þar með talið netkerfi þingnefnda um jöfn tækifæri fyrir karla og konur í aðildarríkjunum og í Evrópuþinginu og netkerfi sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar. Fyrst og fremst ber að stuðla að samvirkni milli þeirra sem mynda netkerfin.
- 13) Áriðandi er að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin leggi kapp á að allir textar, viðmiðunarreglur og útböð, sem eru birt samkvæmt þessari áætlun, séu rituð á skýru, einföldu og aðgengilegu máli.
- 14) Forsenda þess að aðgerðir bandalagsins skili árangri er að fylgst verði með útkomu þeirra og hún metin með hliðsjón af settu marki.
- 15) Samþykking ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 16) Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) er kveðið á um nánari samvinnu á sviði félagsmála milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og þeirra landa Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EFTA/EES-löndin). Enn fremur ætti löndum í Mið- og Austur-Evrópu, sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu, að vera frjálst að taka þátt í áætluninni í samræmi við þau skilyrði sem um getur í Evrópusamningnum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða fyrir Kýpur, Möltu og Tyrkland. Fjármagna ber þátttöku þessara landa með aukafjárveitingum í samræmi við málsmeðferð sem síðar verður samið um við þau.
- 17) Í tengslum við framkvæmd þessarar áætlunar verður athyglinni sérstaklega beint að starfi annarra alþjóðastofnana, einkum Sameinuðu þjóðanna, Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar og Evrópuráðsins.
- 18) Í þessari ákvörðun er að finna viðmiðunarfjárhæð, í skilningi 34. liðar samstarfssamningsins milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 1999 um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga ⁽²⁾, fyrir allt tímabilið sem áætlunin varir án þess þó að hafa áhrif á heimildir fjárveitingavaldsins eins og þær eru skilgreindar í sáttmálanum.
- 19) Bandalaginu er heimilt, í samræmi við dreifræðisregluna, eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans, að samþykkja ráðstafanir þar eð aðildarríkin geta ekki náð nægilega vel fram markmiðum fyrirhugaðra aðgerða þess, sem eru að stuðla að jafnrétti kynjanna, meðal annars vegna þess að viðfangsefnið, sem um er að ræða, krefjast samstarfs margra landa, upplýsingaskipta milli landa og útbreiðslu góðra starfsvenja um allt bandalagið. Með þessari ákvörðun er, í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í fyrrnefndri grein, ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Áætluninni komið á fót

Aðgerðaáætlun bandalagsins, hér á eftir nefnd „áætlunin“, er komið á fót með þessari ákvörðun fyrir tímabilið 1. janúar 2001 til 31. desember 2005. Tilgangur áætlunarinnar skal vera að stuðla að jafnrétti kynjanna, einkum með því að veita aðstoð og stuðning vegna rammaskipulags bandalagsins.

2. gr.

Meginreglur

1. Áætlunin er eitt nauðsynlegra tækja til þess að hrinda í framkvæmd allsherjarskipulagi bandalagsins á sviði jafnréttis kynjanna sem nær yfir öll stefnumið bandalagsins og aðgerðir sem miða að því að jafnrétti kynjanna verði að veruleika, meðal annars samþætting jafnréttissjónarmiða og sértækar aðgerðir í málefnum kvenna.

2. Samkvæmt áætluninni skal samræma, styrkja og fjármagna framkvæmd þverlægra aðgerða á þeim sviðum sem rammaskipulag bandalagsins um jafnrétti kynjanna nær til. Þau svið, sem rammaskipulag bandalagsins nær til, eru: efnahagslíf, jöfn þátttaka og fyrirsvar, félagsleg réttindi, borgaraleg réttindi, kynhlutverk og fordómar. Meginreglan um jafnrétti kynjanna í tengslum við stækkun bandalagsins og þátt kynjanna, bæði með tilliti til samskipta bandalagsins við þriðju lönd og stefnumiða á sviði þróunarsamvinnu, skal ná inn á öll svið sem rammaskipulag bandalagsins nær til.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

3. gr.

Markmið

Markmiðin með áætluninni, innan ramma meginreglnanna sem um getur í 2. gr. og að teknu tilliti, eftir atvikum, til framtíðarlöggjafarstarfs, eru eftirfarandi:

- a) að kynna og útbreiða gildi og starfsvenjur sem jafnrétti kynjanna er grundvallað á;
- b) að glæða skilning á málefnum sem tengjast jafnrétti kynjanna, meðal annars beinni og óbeinni kynbundinni mismunun og margfaldri mismunun gagnvart konum, með því að leggja mat á skilvirkni stefnu og starfsvenja með forgreiningu, eftirliti með framkvæmd þeirra og mati á áhrifum þeirra;
- c) að auka hæfni þeirra sem hlutverki hafa að gegna til þess að stuðla með skilvirkum hætti að jafnrétti kynjanna, einkum með stuðningi við upplýsingaskipti og miðlun góðra starfsvenja og við netsamstarf á vettvangi bandalagsins.

4. gr.

Aðgerðir bandalagsins

1. Til að ná markmiðunum, sem um getur í 3. gr., skal ráðast í eftirfarandi bandalagsaðgerðir innan fjölþjóðlegs ramma:

- a) að auka skilning, einkum með því að leggja áherslu á bandalagsþáttinn með tilliti til þess að stuðla að jafnrétti kynjanna og með því að birta niðurstöður áætlunarinnar, einkum með útgáfum, herferðum og viðburðum;
- b) greiningu þátta og stefnumiða á sviði jafnréttis kynjanna, þar með talið söfnun hagtalna, rannsóknir, mat á áhrifum á stöðu kynjanna, töl og aðferðir, þróun vísbenda og viðmiðana og skilvirk miðlun niðurstaðna. Undir þetta fellur einnig eftirlit með framkvæmd og beitingu laga bandalagsins á sviði jafnréttis sem felst í því að leggja mat á löggjöf og starfsvenjur í því skyni að dæma um áhrif þeirra og skilvirkni;
- c) fjölþjóðlega samvinnu milli aðila sem felst í því að stuðla að netsamstarfi og miðla reynslu með gagnkvæmum hætti á vettvangi bandalagsins.

2. Í viðaukanum er sett fram með hvaða hætti ber að hrinda aðgerðunum, sem er lýst í 1. mgr., í framkvæmd.

5. gr.

Framkvæmd áætlunarinnar og samstarf við aðildarríkin

1. Framkvæmdastjórnin skal:

- a) annast framkvæmd aðgerða bandalagsins sem falla undir þessa áætlun;
- b) skiptast reglulega á skoðunum við þá sem eiga sæti í nefndinni sem um getur í 7. gr., fulltrúa aðila vinnumarkaðarins á vettvangi bandalagsins og óopinberar stofnanir um framkvæmd áætlunarinnar og eftirfylgni og skyld stefnumið. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin veita óopinberum stofnunum og aðilum vinnumarkaðarins aðgang að viðeigandi upplýsingum. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna fyrrnefndri nefnd um sjónarmið viðkomandi aðila;
- c) stuðla að virkri samvinnu og skoðanaskiptum milli allra sem eiga aðild að áætluninni, meðal annars til að hvetja til þess að leitað verði leiða til þess að stuðla að jafnrétti kynjanna sem eru í senn samþættar og samræmdar.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að:

- a) stuðla að þátttöku allra hlutaðeigandi aðila í áætluninni;
- b) tryggja að niðurstöður aðgerða, sem falla undir áætlunina, verði breiddar út;
- c) veita aðgengilegar upplýsingar og tryggja viðeigandi birtingu og eftirfylgni með tilliti til aðgerða sem eru styrktar samkvæmt áætluninni.

6. gr.

Framkvæmdarákvæði

1. Samþykkja ber ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar þau málefni sem talin eru upp hér á eftir, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr:

- a) almennar viðmiðunarreglur um framkvæmd áætlunarinnar;
- b) árlega starfsáætlun um framkvæmd aðgerða sem áætlunin tekur til;
- c) fjárhagsstuðning sem bandalagið mun veita;
- d) árlega fjárveitingu og skiptingu fjár milli hinna ýmsu aðgerða sem áætlunin tekur til;
- e) málsmeðferð við val aðgerða, sem bandalagið hyggst styðja, og drög að skrá yfir aðgerðir, sem veita á slíkan stuðning, sem bandalagið leggur fram;
- f) viðmiðanir fyrir eftirlit og mat á áætluninni, einkum kostnaðarhagkvæmni hennar, og fyrirkomulag á útbreiðslu niðurstaðna.

2. Samþykkja ber ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar öll önnur málefni, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 7. gr.

7. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
 2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.
- Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.
 4. Nefndin setur sér starfsreglur.

8. gr.

Samstarf við aðrar nefndir

Til að tryggja að áætlunin sé í samræmi við aðrar ráðstafanir, sem um getur í 9. gr., og þeim til fyllingar skal framkvæmdastjórnin gefa nefndinni upplýsingar reglulega um aðrar aðgerðir bandalagsins sem stuðla að jafnrétti kynjanna. Framkvæmdastjórnin skal, eftir atvikum, koma á reglulegu og skipulögðu samstarfi milli nefndarinnar og eftirlitsnefndanna sem er komið á fót með tilliti til annarra viðkomandi stefnumiða, gerninga og aðgerða.

9. gr.

Samræmi og fylling

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja, í samvinnu við aðildarríkin, heildarsamræmi við önnur stefnumið, gerninga og aðgerðir Evrópusambandsins og bandalagsins, einkum með því að taka í notkun viðeigandi aðferðir og tól, til dæmis mat á áhrifum á stöðu kynjanna, eftirlitstól og viðmiðanir, til þess að unnt sé að samræma aðgerðir samkvæmt áætluninni og aðgerðir sem hafa sérstaka þýðingu fyrir framsókn kvenna, einkum í tengslum við rannsóknir, atvinnu, bann við mismunun, baráttu gegn fátækt og félagslegri útskúfun, heilbrigði, menntun, nám og æskulýðsmál, menningu, réttarfar og innanríkismál og á sviði stækkunar bandalagsins og samskipta þess við þriðju lönd (meðal annars starfsemi bandalagsins á sviði mannréttinda í þriðju löndum).

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu tryggja að þær aðgerðir, sem heyra undir þessa áætlun, séu í samræmi við aðrar viðkomandi aðgerðir Evrópusambandsins og bandalagsins og þeim til fyllingar, til dæmis þær aðgerðir sem eru styrktar samkvæmt DAPHNE-, STOP-, PHARE- og MEDA-áætlunum, rammaáætluninni um rannsóknir, áætluninni um baráttu gegn félagslegri útskúfun, framkvæmda-áætluninni um félagsmál og aðgerðaáætlun bandalagsins um baráttu gegn mismunun (2001-2006).

Áætlunin skal taka mið af sértækum aðgerðum til stuðnings jafnri meðferð kvenna og karla á sviði ráðninga og starfa

sem bandalagið kann að grípa til innan ramma þróunarsjóðanna, EQUAL-framtaksverkefni bandalagsins eða ráðstafana til að efla samstarf sem er ætlað að styrkja skipulag atvinnumála.

3. Aðildarríkin skulu greiða fyrir því og gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja að aðgerðir samkvæmt þessari áætlun séu í samræmi við aðgerðir á landsvísu og aðgerðir á vettvangi héraða og sveitarfélaga og þeim til fyllingar.

10. gr.

Þátttaka EFTA-/EES-landanna, samstarfsríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu, Kýpur, Möltu og Tyrklands

Eftirtöldum aðilum er frjálst að taka þátt í þessari áætlun:

- a) EFTA/EES-löndunum í samræmi við skilyrðin sem eru sett í EES-samningnum;
- b) samstarfslöndunum í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða;
- c) Kýpur, Möltu og Tyrklandi á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við þessi lönd.

11. gr.

Fjárframlag

1. Viðmiðunarfjárhæðin fyrir framkvæmd áætlunarinnar er 50 milljónir evra á tímabilinu 2001 til 2005.
2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitinga-valdsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

12. gr.

Eftirlit og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa reglubundið eftirlit með þessari áætlun í samstarfi við nefndina sem um getur í 7. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á áætlunina þegar hún er hálfnuð og við lok hennar og njóta við það aðstoðar óháðra sérfræðinga. Þetta er gert til að meta gildi, skilvirkni og kostnaðarhagkvæmni aðgerða sem er hrint í framkvæmd með tilliti til markmiðanna sem um getur í 2. gr. Matið skal einnig ná til áhrifa áætlunarinnar í heild.

Í matinu verður einnig kannað hvort aðgerðir samkvæmt áætluninni komi til fyllingar aðgerðum samkvæmt öðrum viðkomandi stefnumiðum, gerningum og aðgerðum bandalagsins.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2003, leggja bráðabirgðaskýrslu um niðurstöður úr matinu fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

13. gr.

Viðtakendur

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2006, leggja lokaskýrslu um rammaskipulagið og áætlunina fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2000.

5. Í öllum matskýrslunum, sem um getur í 3. og 4. mgr., skal þess getið í hve miklum mæli framkvæmdastjórnin, aðildarríkin, opinberar stofnanir og óopinberar stofnanir hafa fengið fjárframlög.

Fyrir hönd ráðsins,

É. GUIGOU

forseti.

VIDAUKI

I. ÞAU SVIÐ SEM ÁÆTLUNIN NÆR TIL

Áætlunin getur, í samræmi við meginregluna sem um getur í 2. gr., náð til eins eða fleiri eftirtalinnna sviða innan marka þeirra heimilda sem bandalaginu er veitt samkvæmt sáttmálanum:

1. Efnahagslíf

Á þessu sviði er lögð áhersla á þann kynjamun sem enn fyrirfinnst á vinnumarkaði og það sem er unnt að gera til úrbóta. Aðgerðir felast í því að auka atvinnuþátttöku kvenna, að minnka atvinnuleysi meðal kvenna og auðvelda konum og körlum að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.

Aðgreining kynjanna á vinnumarkaði, þar með talin lóðrétt aðgreining (glerþakið) og launamunur kynjanna, sem eru meginviðfangsefni áætlana bandalagsins sem um getur í 2. mgr. 9. gr., geta fallið undir áætlunina svo fremi stefnt sé að samþættri málsmeðferð í tengslum við hin ólíku svið, sem áætlunin nær til, eða í tengslum við hvers kyns aðgerðir sem eru ekki fjármagnaðar samkvæmt fyrrnefndum áætlunum.

2. Jöfn þátttaka og fyrirsva

Þetta svið nær til skorts á þátttöku kvenna þar sem ákvarðanir eru teknar. Aðgerðirnar eru fólgnar í því að þróa skipulag og tæki til að stuðla að ákvarðanatöku kvenna á öllum sviðum innan stjórn-, efnahags- og félagsmála, svo sem starfsemi á sviði utánríkismála og þróunarsamvinnu (til dæmis hlutverk kvenna og þátttaka í alþjóðlegum verkefnum).

3. Félagsleg réttindi

Nauðsyn ber til að samþætting jafnréttissjónarmiða nái með skilvirkum hætti til allra málaflokka sem hafa áhrif á daglegt líf kvenna, til dæmis samgangna, almannaheilbrigðis og baráttunnar gegn mismunun af öðrum toga. Um er að ræða aðgerðir sem verða samræmdar þeim aðgerðum, samkvæmt aðgerðaáætlun bandalagsins, sem er beint gegn mismunun, og öðrum viðkomandi aðgerðaáætlunum. Með þessum aðgerðum er stefnt að því að bæta framkvæmd löggjafar bandalagsins, einkum á sviði félagslegrar verndar og foreldraorlofs, mæðraverndar og vinnutíma, og að því að finna leiðir og aðferðir til þess að samræma betur fjölskyldu- og atvinnulíf, einkum með því að setja viðmiðanir fyrir betra skipulag barnagæslu og umönnun eldra fólks.

4. Borgaraleg réttindi

Viðfangsefni þessa sviðs er að konur njóti mannréttinda. Aðgerðirnar þjóna því markmiði að stuðla að því að mannréttindi kvenna séu viðurkennd, tryggja að rétturinn til jafna tækifæra sé virtur og efla baráttuna gegn ofbeldi, sem er tengt kynferði, og verslun með konur.

5. Kynhlutverk og fordómar

Viðfangsefni þessa sviðs eru staðalmyndir kvenna og karla og nauðsyn þess að breyta hegðun, viðhorfum, viðmiðunum og gildum til þess að unnt sé að taka mið af þróun hlutverka karla og kvenna í samfélaginu. Aðgerðirnar beinast að samþættingu jafnréttissjónarmiða, einkum að stefnumörkun á sviði menntunar, starfsþjálfunar, menningar, vísinda, fjölmiðla og æskulýðs- og íþróttamála.

II. ÞÁTTTAKA Í ÁÆTLUNINNI

Allir opinberir aðilar og/eða einkaaðilar og stofnanir, sem eiga þátt í því að stuðla að jafnrétti kynjanna, eiga kost á þátttöku í þessari áætlun með þeim skilyrðum og samkvæmt því fyrirkomulagi við framkvæmdina sem eru tilgreind í þessum viðauka, einkum:

- a) aðildarríkin,
- b) sveitar- og héraðsstjórnir,
- c) aðilar sem stuðla að jafnrétti kynjanna,
- d) aðilar vinnumarkaðarins,
- e) óopinberar stofnanir,
- f) háskólar og rannsóknarstofnanir,
- g) innlendar hagstofur,
- h) fjölmiðlar.

III. AÐGERÐIR

Heimilt er að styrkja eftirtaldir aðgerðir samkvæmt áætluninni innan fjölþjóðlegs ramma:

1. flokkur — Að auka skilning

1. Skipulagning ráðstefna, málstofa og viðburða á evrópskum vettvangi.
2. Skipulagning árlegs evrópsks stórvíðburðar í aðildarríkjunum og löndunum, sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu í samræmi við 10. gr., þar sem fjallað er um eitt forgangsverkefna áætlunarinnar.
3. Skipulagning evrópskra herferða og viðburða í fjölmiðlum í því skyni að styðja upplýsingaskipti milli landa og benda á og útbreiða góðar starfsvenjur, meðal annars með afhendingu árlegra verðlauna til fyrirtækja sem hafa náð árangri í þeirri viðleitni að stuðla að jafnrétti kynjanna, og í því skyni að vekja enn frekar athygli á málefnum kynjanna.
4. Birting efnis í því skyni að útbreiða niðurstöður áætlunarinnar, meðal annars uppsetning vefseturs á Netinu, þar sem fram koma dæmi um góðar starfsvenjur, vettvangur, þar sem unnt er að skiptast á skoðunum, gagnagrunnur um hugsanlega samstarfsaðila í skiptiaðgerðum milli landa og rafrænar tengingar fyrir viðkomandi vefsíður í aðildarríkjunum sem fyrirfinnast.
5. Framkvæmd fjölþjóðaframtaksverkefna á borð við fundi, málsstofur eða herferðir þar sem tekin eru fyrir tiltekin málefni sem eru samþykkt árlega að höfðu samráði við nefndina sem um getur í 7. gr. Markmiðið með þessari starfsemi er að stuðla að og bæta samvirkni innlendra stefnumiða á sviði jafnréttis kynjanna og mynda virðisauka á vettvangi bandalagsins.
6. Skipulagning málstofa og miðlun upplýsinga um og til stuðnings fullnustu laga bandalagsins á sviði jafnréttis kynjanna, þar sem þarfir og kröfur þeirra landa, sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu, munu hljóta sérstaka athygli.

2. flokkur – Greining og mat

1. Þróun og miðlun samanburðarhæfra hagtalna, sem eru sundurliðaðar eftir kyni og, ef unnt er, aldri, og þróun og miðlun hagtöluráða í mismunandi málaflokkum um aðstæður kvenna og karla.
2. Þróun og miðlun aðferðafræði og vísbenda til að meta skilvirkni stefnu og starfsvenja á sviði kynjajafnréttis (setning viðmiðana).
3. Greining mun fara fram á aðstæðum kvenna á vinnumarkaði, framkvæmd löggjafar á sviði jafnréttis í aðildarríkjunum, áhrifum og verku félagslegrar verndar og sköttunar á konur og karla og auknum möguleikum kvenna til að koma að ákvarðanatöku og niðurstöðum mun miðlað og þeim lærdómi sem draga má af slíkri greiningu.
4. Söfnun, mat og miðlun upplýsinga og reynslu sem hefur verið aflað nýlega um framtaksverkefni, aðferðir og tækni sem hafa skilað árangri og varða konur og fjölmiðla, meðal annars til að eyða kynbundnum fordómum og stuðla að jákvæðri og fjölbreyttri ímynd kvenna og karla í fjölmiðlum.
5. Birting ársskýrslu um jafnrétti kynjanna í Evrópusambandinu, meðal annars um hvernig miðar að uppfylla þær viðmiðanir sem hafa verið settar, og mat á þeim árangri sem náðst hefur.
6. Framkvæmd og miðlun þemarannsóknna á þeim sviðum sem eru í brennidepli þar sem dregið er fram það sem er líkt og ólíkt með aðferðum í aðildarríkjunum og milli þeirra og þeirra landa sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu.
7. Hagkvæmniathugun í því skyni að greina frumskilyrði fyrir stofnun evrópskrar stofnunar um málefni kynjanna.

Við framkvæmd aðgerða í þessum flokki mun framkvæmdastjórnin sérstaklega sjá til þess að þær séu í samræmi við og komi til fyllingar starfsemi sem aðrar þjónustugreinar framkvæmdastjórnarinnar eða evrópskar stofnanir stýra, einkum Evrópustofnun um bætt lífskjör og starfsskilyrði, rammaáætlun bandalagsins um rannsóknir og tækniþróun og Evrópumiðstöð um þróun starfsmenntunar (CEDEFOP).

3. flokkur — Aukning afkastagetu

Heimilt er að veita stuðning til eftirtalinnna aðgerða í því skyni að auka afkastagetu og árangur þeirra sem gegna meginhlutverki í því að stuðla að jafnrétti kynjanna.

Skiptiaðgerðir milli landa, þar sem ýmsir gerendur koma við sögu frá að minnsta kosti þremur aðildarríkjum, sem felast í því að miðla upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum. Að þessum aðgerðum geta staðið óopinberar stofnanir eða aðilar vinnumarkaðarins á evrópskum vettvangi og fjölþjóðleg netkerfi héraðs- eða sveitarstjórna og stofnana sem hafa það á stefnuskrá sinni að stuðla að jafnrétti kynjanna.

Aðgerðirnar geta falist í því að bera saman skilvirkni vinnsluferla, aðferða og tóla, sem tengjast þeim þeim sem eru valin, í gagnkvæmri miðlun og ástundun góðra starfsvenja, í starfsmannaskiptum, sameiginlegri þróun vara, vinnsluferla, skipulags og aðferðafræði, í því að aðlaga að ólíku samhengi aðferðir, tól og vinnsluferli, sem eru skilgreind sem góðar starfsvenjur, og/eða í útbreiðslu niðurstaðna og kynningarefnis og skipulagningu viðburða.

IV. FRAMLAGNING UMSÓKNA UM STUÐNING

1. flokkur 2., 3. og 4. aðgerð í þessum flokki koma til framkvæmda að undangengnu opnu útboði. Heimilt er að styrkja 5. og 6. aðgerð, sem skulu framkvæmdar í umboði aðildarríkjanna eða af jafnréttisstofnunum, að undangengnum lokuðum útboðum sem beint er til aðildarríkjanna.
2. flokkur Þessi flokkur verður framkvæmdur á vegum framkvæmdastjórnarinnar, venjulega í kjölfar útboðs. 1. aðgerð kemur til framkvæmda í samræmi við viðeigandi málsmeðferð Hagstofu Evrópubandalaganna.
3. flokkur 3. flokkur kemur til framkvæmda í kjölfar opins útboðs sem framkvæmdastjórnin skipuleggur en hún yfirfer öll tilboð. Að þessum aðgerðum geta staðið óopinberar stofnanir eða aðilar vinnumarkaðarins á evrópskum vettvangi, fjölþjóðleg netkerfi héraðs- eða sveitarstjórna eða fjölþjóðleg netkerfi stofnana sem hafa það á stefnuskrá sinni að stuðla að jafnrétti kynjanna.

V. FRAMKVÆMD AÐGERDA

1. Unnt er að fjármagna fyrirhugaðar aðgerðir með þjónustusamningum að undangengnu útboði eða með styrkjum sem eru hluti sameiginlegrar fjármögnunar með öðrum aðilum. Í síðarnefnda tilvikinu er almenna reglan sú að fjárhagsaðstoð framkvæmdastjórnarinnar fari ekki yfir 80% af raunútgjöldum styrkþegans.
 2. Meðan á framkvæmd áætlunarinnar stendur getur framkvæmdastjórnin þurft á viðbótarfé að halda, meðal annars fé til sérfræðinga. Slík þörf verður ákveðin í tengslum við yfirstandandi mat framkvæmdastjórnarinnar á úthlutun fjár.
 3. Meðan á framkvæmd áætlunarinnar stendur getur framkvæmdastjórnin notið tækni- og/eða stjórnsýslu- aðstoðar á sviði greiningar, undirbúnings, umsýslu, eftirlits, úttektar og stjórnunar sem kemur bæði framkvæmdastjórninni og styrkþegum til góða.
 4. Framkvæmdastjórnin getur einnig skipulagt aðgerðir í tengslum við upplýsingar, birtingu og útbreiðslu. Henni er og heimilt að gera matsrannsóknir og skipuleggja málstofur, málþing eða aðra fundi sérfræðinga.
 5. Framkvæmdastjórnin mun semja árlegar vinnuáætlanir þar sem sett eru fram þau forgangsverkefni og aðgerðir sem koma skulu til framkvæmda. Hún mun einnig tilgreina það fyrirkomulag og þær viðmiðanir sem styðjast skal við við val og fjármögnun aðgerða samkvæmt áætluninni. Framkvæmdastjórnin mun í þessu sambandi leita álits nefndarinnar sem um getur í 7. gr.
 6. Meginreglan um gagnavernd verður virt í hvívetna þegar umræddar aðgerðir koma til framkvæmda.
-